



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hrafnkell Á. Proppé
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Reykjavík 14. júlí 2020
MÍ202005-0112 / 6.08 / 4778

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Guðny Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nág.
gudnygerdur@minjastofnun.is

Efni: Borgarlína Ártún - Hamraborg - verk- og matslýsing

Með tölvubréfi dagsettu 19. maí 2020 óskaði Hrafnkell Á Proppé eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um Verk- og matslýsingu aðalskipulagsbreytinga Í Reykjavík og Kópavogi vegna Borgarlínu Ártún – Hamraborg (febrúar 2020).

Vísað er til umsagnar Minjastofnunar frá 7. febrúar 2018 um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðis 2040.

Samkvæmt 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skrá menningarminjar, fornleifar, hús og mannvirki, áður en gengið er frá aðalskipulagi. Á það jafnframt um verulegar breytingar á skipulagsáætlunum og gerð skýrslna um mat á umhverfismat, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Minjastofnun hefur gefið út reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Þar segir um skráningu vegna aðalskipulags (3. grein):

Fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Undir þetta falla allar byggingaframkvæmdir, auk þess sem önnur framkvæmdasvæði þar sem jarðrask er fyrirsjáanlegt geta fallið hér undir. Skilgreining slíkra svæða skal gerð í samráði við minjavörð hvers landshluta. Þetta á einnig við um framkvæmdir í sjó og vötnum. Fornleifaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Gera skal grein fyrir húsum og mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar í húsaskrá. Húsaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.

Í verk- og matsáætlun kemur fram að markmiðið er m. a. að þetta byggð á þróunarsvæðum Borgarlínu, sem mun liggja í gegnum þegar byggð hverfi. Það mun hafa áhrif á menningarminjar svo og byggð og byggðamynstur hverfa og svæða þar sem uppbrygging er fyrirhuguð. Til að unnt sé að meta hver þau áhrif verða þarf skráning menningarminja að liggja fyrir við móton tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogs.

Minjastofnun Íslands hvetur því Reykjavíkurborg og Kópavogsbær til að huga í tíma að því verkefni, með því að kanna stöðu skráningar menningarminja á leiðinn frá Ártúni að Hamraborg og hefja sem fyrst vinnu við nýskráningu og uppfærslu eldri skráninga eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Reykjavíkurborg (skipulag@reykjavik.is)
Kópavogsbær (skipulag@kopavogur.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til aðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.